

41. gr.

**Breytingar.**

Húseigandi/notandi skal standa straum af kostnaði við breytingu á húsveitu vegna tengingar við VSH.

Húseigandi/notandi kostar breytingar á heimæðum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans.

Húseigandi skal fyrirfram sækja um leyfi til hverra þeirra framkvæmda, sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi VSH.

42. gr.

**Eftirlit.**

VSH hafa rétt til aðgangs að húsnæði því, sem veitukerfi þeirra liggur um til viðhalds, eftirlits og breytinga.

Ef inntak hitaveitu (í öðrum húsum en gróðurhúsum) er ekki á sama stað og varmaskiptir og mælagrind, skal lögn þar á milli vera einangruð, óhulín eða í stökk sem auðvelt er að opna.

9. KAFLI.

**ÝMIS ÁKVÆÐI.**

43. gr.

**Fjárnám.**

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari svo og verðskrá settri skv. henni má innheimta með fjárnámi.

44. gr.

**Viðurlög.**

Brot á reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggja við að lögum.

45. gr.

**Samþykki og staðfesting.**

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar, er hér með staðfest samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Hitaveitu Hveragerðis nr. 799, 21. desember 1983 og reglugerð fyrir Rafveitu Hveragerðis nr. 125, 28. júlí 1947, með síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytið, 14. desember 1992.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**


---

*Rán Tryggvadóttir.*
**AUGLÝSING****um breytingu á deiliskipulagi lóðar nr. 29–37 við Sundlaugaveg.**

Samkvæmt ósk borgarráðs Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 2. desember 1992 staðfest breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 29–37 við Sundlaugaveg, áður staðfest 26. maí 1977, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í skiptingu lóðarinnar í tvær lóðir, annars vegar í 29–35 og hins vegar 37 og gagnkvæmri kvöð um umferð á báðum lóðunum, sbr. uppdrátt Borgarskipulags dags. 6. nóvember 1992.

Borgarsjóður tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytið, 11. desember 1992.*

F. h. r.  
**Þórður H. Ólafsson.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 27/1983 um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa.

1. gr.

Kaflinn um Austurlandshérað í 1. gr. hljóði svo:

1. Egilsstaðaumdæmi:

Lyfjabúð.

1.1. Vopnafjörður:

Lyfjaútibú frá Egilsstöðum er einnig gegnir Bakkafirði.

2. Seyðisfjarðarumdæmi:

Lyfjabúð.

3. Norðfjarðarumdæmi:

Lyfjabúð á Neskaupstað.

3.1. Eskifjörður:

Lyfjaútibú.

3.2. Reyðarfjörður:

Lyfjaútibú.

4. Fáskrúðsfjarðarumdæmi:

Lyfjabúð á Fáskrúðsfirði.

4.1 Stöðvarfjörður:

Lyfjaútibú, er einnig gegnir Breiðdalsvík.

5. Hafnarumdæmi:

Lyfjabúð.

5.1. Djúpvogur:

Lyfjaútibú.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. 2. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982 öðlast gildi við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. desember 1992.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Einar Magnússon.*